

Alþingi  
Erindi nr. P 133/74  
komudagur 6.11.2006

UST


Alþingi - Umhverfisnefnd  
Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is



Reykjavík, 31. október 2006  
Tilvísun: UST20061000136/tb

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum

Við er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þskj. 4-4. mál. Jafnframt er lagt til að unnið verði að því að hið stækkaða friðland verði tilnefnt inn á heimsminjaskrá UNESCO.


Umhverfisstofnun vísar í tillögu stofnunarinnar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum sem lögð var fram á bls. 238-239 í *Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Þar er lagt til að friðlandið verði stækkað verulega, sjá fylgiskjal, svo það nái yfir mest allt gróðurlendi sem telja má innan Þjórsárvera og Þjórsá að Sultartangalóni. Jafnframt mun stækkunin afmarka mun betur landslagsheild sem nær til hluta Hofsjökuls, Þjórsárvera og Þjórsár. Umhverfisstofnun telur að náttúruverndargildi framangreinds landssvæðis sé ótvírætt og því beri að vinna að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og tryggja varanlega vernd veranna. Í kjölfar stækkunar friðlandsins verði síðan skoðaðir möguleikar á að tilnefna svæðið á heimsminjaskrá UNESCO.

Virðingarfyllt

  
Trausti Baldursson

  
Árni Bragason

## Fylgiskjal 1.



Tillaga Umhverfisstofnunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum bls. 238-239 í *Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.*

**Svæðislýsing:**

Stórbrotið landslag, fjalllendi, jökull, votlendi og áreyrar. Fjölbreyttar búsvæðagerðir, mýrar, flár, læðiengi, vötn, tjarnir og sífreri á hálendi, allt upp í 1100 m hæð. Þjórsárver eru einstætt vistkerfi á heimsvísu, enda afar tegundaríkt og eitt helsta varpland heiðagæsar í heiminum. Þjórsárver eru ein stærsta og jafnframt ein einangraðasta gróðurvin á miðhálandi landsins. Afar fjölbreytt gróðursamfélag, en þar hafa fundist yfir 180 tegundir háplantna, yfir 220 mosategundir og greindar hafa verið um 150 fléttutegundir. Innan svæðisins eru í Þjórsá fossarnir Kjálkaversfoss (Hvangiljafoss), Dynkur og Gljúfurleitarfoss. Hver um sig er sérstakur og saman eru þeir afar áhugaverðir sem fossaröð í stórfenglegu landslagi. Jarðhiti er í Nauthaga.